

## Minnisblað

Til: Sérnámsgrunnslækna, framkvæmdastjóra á viðurkenndum námsstöðum fyrir sérnámsgrunnslækna (Ólafur Baldursson LSH, Sigurður E. Sigurðsson SAK, Þórir Bergmundsson HVE, Sigríður Dóra Magnúsdóttir HH, Jóhannes Bergsveinsson, Susanna Ástvaldsdóttir, Örn Ragnarsson, Pétur Heimisson, Hjörtur Kristjánsson, Fjöltnir F. Guðmundsson).

Afrit til: Árni Johnsen formaður FAL, Atli Árnason LSH, Berglind Möller LSH og Þóra Guðrún Þorsteinsdóttir SAK, Laufey Hrólfsdóttir SAK.

Frá: Ingu Sif Ólafsdóttur, Elsa B. Valsdóttir, Gerður A. Árnadóttir, Gunnar Geirsson, Hannes Petersen, Signý Rut Kristjánsdóttir.

Dags: 28. Janúar 2022

---

### Efni: Minnisblað um námsleyfi lækna í sérnámsgrunni

---

Tekið hefur nokkurn tíma að skoða hvernig námsleyfi verði háttað í sérnámsgrunni þar sem kjarasamningur tryggir ekki slíkt nema starfssamningur sé við stofnun í 1 ár eða lengur. Sem stendur er Landspítali (LSH) eina námsstofnunin sem gerir 12 mánaða samning við sérnámsgrunnslækna (SGL).

*Texti úr kjarasamningi: „Læknir með lækningaleyfi sem ráðinn er til 1 árs eða lengur á sömu stofnun, skal hafa rétt til námsferðar í 7 almanaksdaga fyrir hverja 12 mánuði eftir nánari ákvörðun vinnuveitanda enda sé námsferðin tengd starfssviði hans og verkefnum.“*

Sérnámsgrunnur skiptist á nokkrar ólíkar starfsstöðvar og starfar enginn á sömu stofnun í 12 mánuði. Hver lota er u.þ.b. tveir mánuðir. Þótt aðeins sé gerður 12 mánaða ráðningarsamningur við LSH, hafa aðrar stofnanir (SAK, Sjúkrahúsið á Akranesi, Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins, Heilsugæslan í Urðarhvarfi, Heilsugæslan á Höfða, HVEST á Ísafirði samþykkt að veita námsdaga í samræmi við hlutfallslega unninn tíma á sérnámsgrunnssárinu. Málið er í skoðun hjá öðrum heilsugæslustöðvum.

Rétt er að reikna með að læknir í sérnámsgrunni ávinni sér u.þ.b. 1 dag á hverju tveggja mánaða tímabili. Við teljum sanngjarnast að skipuleggja þetta þannig að sérnámsgrunnslæknir geti sótt um 2-3 daga á hverju 4 mánaða tímabili, þó að hámarki 7 dagar á sérnámsgrunnssárinu.

Vinnustund mun halda utan um ávinnslu námsleyfis á hverri stofnun fyrir sig miðað við ráðningartímabil. Möguleiki á námsdögum við stofnanir þar sem starfstími er í skemmri tíma en fjóra mánuði (það er í aðeins 2 mánuði) verður að ræða sérstaklega við viðkomandi yfirlækni.

### **Kostnaður við námsferðir**

Sérnámsgrunnlæknir skal fá greiddan ferða- og dvalarkostnað á námsferðum þessum skv. reglum þeim sem gilda um greiðslu ferðakostnaðar ríkisstarfsmanna á hverjum tíma. Fáir viðkomandi laun, styrk eða endurgreiðslu á útlögðum kostnaði, skal slíkt þá koma til frádráttar greiðslum þessum.

### *Ferðakostnaður og þátttökugjald*

Námskeiðsgjöld á ári: 750 SDR (reiknieining alþjóða gjaldeyrissjóðs) miðað við fullt starf og hlutfallslega fyrir hlutastarf.

Ónotaður réttur til fargjalds og námskeiðsgjalda flyst ekki á milli ára eða námsstöðva á sérnámsgrunnssárinu.

Endurgreiðsla miðast við lægsta fargjald sem völ er á, þó að hámarki 150.000 kr. á ári miðað við fullt starf en hlutfallslega fyrir hlutastarf.

ATH: Námsleyfistengdur kostnaður er greiddur í samsvarandi hlutfalli og tímabil SGL á hverjum stað. Dæmi: ef SGL er ráðinn í 4 mánuði á SAK (Sjúkrahúsið á Akureyri) eða LSH, á hann einungis rétt á að nýta 1/3 af heimiluðum kostnaði fyrir sérnámsgrunnssárið vegna námsferða á þeim stað, sbr. upplýsingar um kostnað við námsferðir, ferðakostnað og þátttökugjöld hér að ofan.

Leggjum til að yfirlæknir á hverri starfsstöð samþykki námsdaga á sinni starfsstöð. Þegar SGL fær beiðni samþykka á SGL að hlaða vottorði um það inn í ePortfolio undir „*Personal Library*“ og velja *File status shared*. Einnig biðjum við SGL að setja inn vottorð fyrir lokin námskeið/próf sem tengjast námsdögum á sérnámsgrunnssárinu inn í ePortfolio undir „*Certificates and exams*“.

Námsferðir eru kjarasamningsbundin réttindi og við leggjum til að hægt sé að samþykkja að:

- Nýta þessi réttindi til að greiða kostnað við þátttöku í viðurkenndum alþjóðlegum læknáþingum/ráðstefnum héraðs og erlendis.
- Nýta megi námsdaga í upplestur fyrir innlend/erlend próf er tengjast framhaldsmenntun lækna ef námslæknir getur framvísað að hann hafi greitt fyrir og sé skráður í slíkt próf.
- Nýta megi ráðstefnukostnað megi nýta til að greiða fyrir innlend/erlend próf er tengjast framhaldsmenntun lækna ef námslæknir getur framvísað að hann hafi greitt fyrir og sé skráður í slíkt próf.

Framkvæmd námsleyfa skv. þessu minnisblaði tekur gildi frá 1. janúar 2022.

### **Inga Sif Ólafsdóttir**

yfirlæknir sérnámsgrunnslækna á Landspítala og formaður nefndar um sérnámsgrunn á Íslandi